

Umbótaáætlun Lundarsels 2017

Í maí 2017 unnu starfsmenn Námsmats stofnunar að ytra mati á leikskólastarfi Lundarsels. Markmið matsins er gert á grunvelli 17.gr um leikskóla nr. 90/2008. Skýrsla frá matsaðilum var gefin út í júní 2017. Í þeirri skýrslu var gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til útbóta.

Umbótavinna fór strax um sumarið á stað í leikskólanum og í janúar var eftirfarandi umbótaráætlun skilað inn til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Umbótaáætlunin verður kynnt fyrir starfsfólki og foreldraráði.

Skýrslan um ytra mat í Lundarseli kynnti leikskólastjóri á fundi fyrir öllum starfsmönnum 1. september sl. Í kjölfarið vann starfsmannahópurinn að tillögu að úrbótum. Ytra matið sýndi fram á 40 styrkleika og 21 tækifærum til útbóta. Starfsmannahópnunum var skipt niður í fjóra samræðu hópa til að velta vöngum yfir því sem er tækifæri til úrbóta. Hóparnir skiluðu skriflega hugmyndir af úrbótum.

Dæmi: **Leita þarf leiða til að bæta húsnæðisaðstöðu barna og starfsmanna.** Hverjar eru okkar hugmyndir um það/Hvað getum við gert strax?

Dæmi um svör hópana: Hópur A = *Strax, nýta umhverfið og húsnæði betur. En húsnæði er komið á tíma, annað hvort færri börn eða byggja við.* Hópur B = *Deildir nýta laus svæði/deildir þegar þær eru annarsstaðar. Útbúa herbergi strax í kjallaranum fyrir sérkennslu. Nýta kjallaranum upp að vissu marki.* Hópur C = *Við viljum sérkennslu herbergi og sér fundarherbergi. Nýta húsið betur sem við getum gert strax.* Hópur D = *Taka til og henda. Stækka rýmið þannig. Fá sérkennsluherbergi. Fækka börnum. Nýta húsakost s.s. sal og kjallara þegar rými er laust. Blanda börnum saman milli deilda, t.d. tvö börn af hverri deild saman í sal, heimsókn á aðra deild ef deildin er hálf.*

Þá var unnið úr tillögum starfsmannahópsins og umbóta áætlun sett á stað. Sjá hér að neðan:

Matsþáttur - tækifæri til umbóta	Tillögur til umbóta	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
Leikskólinn og umhverfi hans:					
Leita þarf leiða til að húsnæðisaðstöðu barna og starfsmanna.	Óskir um bæta aðstöðu var send til Akureyrarbæjar. Undirbúningaástaða bætt, tölvum fjölgað og skrifborð sett upp.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Haust 2017	Hófst með svæða- og dagskipulagi skólans haust 2017 og umbótum lokið að mestu í des.	Vor 2018 með starfsmannakönnun og með eftirfylgni varðandi húsnæðisaðstöðu

	<p>Öll rými húsins nýtt betur daglega.</p> <p>Dúkar settir á borð, hljóðeinangrandi gardínur pantaðar.</p> <p>Rafmangsskiptiborð keypt og sett upp á yngstu deild.</p> <p>Á þriggja ára áætlun er komin tillaga að byggja nýjan leikskóla við Lundarskóla.</p> <p>Kynnt hefur verið fyrir Fræðsluráði Akureyrar áætlun um að auka rými barna í leikskólum bæjarins og er það í vinnslu.</p>	Bæjarstjórn Akureyrar og Fræðsluráð	Haust 2017	Vor 2018	Staðan metin fyrir inntöku nýrra barna 2019.
Stjórnun:					
Leggja þarf áherslu á að ljúka við gerð skólanámskrár sem tekur mið af aðalnámskrá leikskóla 2011 og birta á heimasíðu leikskólans	Skólanámskrá er tilbúin, lokið var við að skrifa hana og hún sett á sett á heimasíðu skólans.	Skólastjórnendur Lundarsels.	Lokið við gerð skólanámskrá á í nóv 2017 og plaköt með áherslun skólans dreift um leikskólann.	Desember 2017	Foreldraráð og allir starfsmenn lesa námskrána. Einstakir þættir leikskólastarfsins metnir árlega eða mánaðlega t.d. samræða til náms.

Birta ætti árlega starfsáætlun á heimasíðu leikskólans.	Sett inn á heimasíðuna. Útbúin vinnulisti upp á hvað þarf að uppfæra árlega á heimsíðunni	Aðstoðarleikskólastjóri	maí 2017	maí 2017	Birt árlega á vorin
Æskilegt er að auka yfirsýn leikskólastjóra með því að hann taki árlega starfsþróunarsamtal við alla starfsmenn.	Starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn skipulagt.	Leikskólastjóri	15. nóv til 8.des 2017	Desember 2017	Unnið úr samtölunum. Árleg samtöl sett áfram á ársplan skólans.
Áfram þarf að leita leiða til að vinna úr erfiðum samskiptum milli einstakra starfsmanna.	Samstarf við mannauðsstjóra Ak. bæjar og unnið með samskiptavanda í trúnaðarsamtölum.	Leikskólastjóri	Vor og haust 2017	Desember 2017	Niðurstaða starfsmannasamtala des 2017 Starfsmannakannanir Akureyrarbæjar og Skólavals árlega.
Áfram þarf að byggja upp góðan starfsanda þar sem ríkrí traust og virðing.	Starfsmannafundur og samtöl við hvern og einn starfsmann til að gera starfsandann enn þá betri. Sérstaklega unnið með traust og virðingu.	Allir starfsmenn Lundarsels	Sumar 2017	Des 2017	Árleg starfsmannasamtöl og starfsmannakannanir
Æskilegt er að leikskólastjórnendur taki þátt í að fylgjast með námi og starfi á deildum í því skyni að veita deildarstjórum	Aðstoðarleikskólastjóri ráðinn (var áður líka deildarstjóri) og hann fer milli deilda/handleiðsla. Leikskólastjóri heldur áfram að fara milli deilda alla morgna.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Haust 2017	Aðstoðarleikskólastjóri fer reglulega inn á deildir í því skyni að veita deildarstjórum og starfsmönnum endurgjöf.	Reglulega á stjórnunarfundum

og starfsmönnum endurgjöf.	Leikskólastjóri fer skipulega á hverja deild í janúar í því skyni að kynnast börnum betur, starfinu og veita deildarstjórum og starfsmönnum endurgjöf.		Janúar 2018 og gert árlega	Febrúar 2018 og gert árlega.	Árleg starfsmannasamtöl og starfsmannakannanir
Uppeldis- og menntastarf:					
Áfram þarf að vinna að aukinni samræmingu í fagstarfi leikskólans.	Samræma skólabrag, það er samræmdar vinnuaðferðir og vinnuferlar, unninn af öllum starfsmannahópnum en deildarsjórar klára skriflegu vinnuna. Starfsmannahópurinn gefur endurgjöf á þá vinnu.	Skólastjórnendur/Deildarsjórar Allir starfsmenn Lundarsels bera ábyrgð á skólabragnum.	Haust 2017	Janúar 2018	Starfsmannasamtöl haust 2018.
Æskilegt væri að rýna leikfangakost og efnivið leikskólans, hvernig hann dreifist um leikskólann og hvort hann er aðgengilegur fyrir börnin.	Leikfangakostur skólans yfirfarin, leikföngum fleygt sem eru úr sér gengin. Keyptar verða hirslur sem bæta aðgengi barna að námsgögnum.	Skólastjórnendur	Haust 2017	Febrúar 2018	Metið haust 2018 með rýnihóp barna og starfsmanna.
Gera mætti listsköpun og vísindum hærra	Fyrirlestur á starfsmannafundi um listsköpun og vísindi.	Skólastjórnendur	Haust 2017	Vor 2018	Metið í innra mati í apríl 2018 „sjálfsmat á

undir höfði í starfi leikskólans.	Starfsmenn rýna í hvað þeir leggja til sköpunar og verkferlar bættir til að auka listsköpun og vísindum. Ákveðnir starfsmenn gerðir sem ábyrgðamenn fyrir listsköpun og vísindum.				vinnubrögðum í listsköpun og vísindum.
Leita ætti leiða til að auka lýðræðislega þátttöku barna.	Lýðræðisleg þátttaka barnanna aukin meðal annars með því að festa á skóladagatal kosningar um þema og uppákomu daga í skólanum sem börnin velja og kjósa um. Reglulegar kannarnir inn á deildum um hvernig dagurinn var eða ákveðin Unnið verður með barnasáttmálann, þar sem rödd barnanna heyrir vel.	Aðstoðarleikskólastjóri Deildarstjórar	Sept, nóv og jan 2018		Tvisvar á ári verður könnun lögð fyrir börnin. Einnig sjálfsmats starfsmanna tvisvar á ári um hvort börnin séu raunverulegir áhrifavaldar í deginum sínum.
Samræma ætti notkun skráninga í tengslum við ferilmöppu barna.	Deildarstjóri kynnir ferilmöppu barna á starfsmannafundi og hún samræmd betur.	Deildarstjóri/Sérkennslustjóri	Nóv 2017	Nóv 2017	Rætt árlega á starfsmannafundi á haustin.
Foreldrasamvinna og ytri tengsl:					
Æskilegt væri að taka upp samræðu við foreldra um móttöku barna.	Samræða tekin upp við foreldraráð leikskólans og hugmyndir fegnar frá þeim hóp.	Skólastjórnendur	Haust til des	Des 2017	Niðurstöður foreldrakannana Akureyrarbæjar og Skólavals.

	Niðurstaða var að bæta spurningu um móttöku barna í aðlögunarsamtals eyðublaði skólans og bætt við í árlegum samtölum. Auglýsing um móttökuferli skólans hengt upp í allar forstofur og sett á heimasíðu skólans.				
Koma þarf betur til móts við óskir og ábendingar frá foreldrum um sérstakar þarfir barnanna.	Samræða tekin upp við foreldraráð leikskólans og hugmyndir fegnar frá þeim hóp. Einnig samræða hjá starfsmannahópnum og úrbætur ræddar. Spurningu bætt inn í árleg foreldrasamtöl.	Skólastjórnendur	Haust til des	Des 2017	Niðurstöður foreldrakannana Akureyrarbæjar og Skólavals.
Bæta þarf betur upplýsingar á heimasíðu skólans	Heimasíða leikskólans endurskoðuð og uppfærð. Ákveðið hvað fer inn á heimasíðu og hvað inn á Facebook síðu skólans.	Aðstoðarleikskólastjóri	maí 2017	des 2017	Yfirlit reglulega. Yfirlit formlega árlega fyrir hvert skólaár.
Skóli án aðgreiningar:					
Æskilegt er að skoða hvernig betur má vinna með börum sem eiga annað móðurmál en íslensku.	Fjölmenningarstefna leikskólans útbúinn þar sem kemur fram hvernig vinna á með börnum sem	Leikskólastjóri/sérkennslu stjóri	febrúar 2018	maí 2018	Yfirlit annað hvert ár fyrir hvert skólaár.

	eiga annað móðurmál en íslensku.				
Innra mat:					
Innra mat leikskólans þarf að kerfisbinda með langtímaáætlun til nokkurra ára og lýsa þarf matskerfi skólans í skólanámskrá eða starfsáætlun.	Útbúið verður innra mat leikskólans með langtímaáætlun til fimm ára. Matskerfi skólans í sambandi við skólanámskrá og starfsáætlun verður gerð.		Febrúar 2018 Sept 2017	Júní 2018 Janúar 2018	Yfirlit árléga fyrir upphaf hvers skólaár.
Gera þarf ítarleri matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem metið er hvernig gengur að ná markmiðum leikskólans. Tímasetja þarf matið og tilgreina ábyrgðaraðila.	Ítarleg matsáætlun verður gerð fyrir hvert skólaár þar sem metið er hvernig gengur að ná markmiðum skólans.	Leikskólastjóri/matsteymi	Febrúar 2018	Maí 2018	Yfirlit árléga fyrir upphaf hvers skólaár.
Leita ætti til allra hagsmunahópa þegar gagna er aflað, þar með talið barna.	Leitað er til barna, foreldra (samtöl og árlega kannanir) og starfsmanna þegar gagna er aflað. Möt eru gerð og notuð í leikskólanum börnin eru t.d. spurð, „Hvernig var dagurinn?/ í grunnskólaheimsókninni / í hópastarfinu?“ Skráning	Skólastjórnendur	október 2017	maí 2018	Yfirlit árléga um áramót.

	<p>hjá starfsmönnum á þar til gerð eyðublöð.</p> <p>Unnið verður með barnasáttmálann, þar sem rödd barnanna heyrst vel.</p>				
Greina þarf niðurstöður í styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni og gera skriflega greinagerð.	Greinagerð gerð og skrifuð í sambandi við niðurstöður í styrkleika og tækifæri til úrbóta fyrir innra matið í heild sinni .	Skólastjórnendur/mats teymi	okt 2018	maí 2019	Yfirfarið árlega fyrir upphaf hvers skólaár.
<p>Vinna þarf áfram með tækifæri til umbóta úr frá nákvæmri umbótaáætlun þar sem aðgerðir eru tilgreindar og</p> <p>tímasettar svo og ábyrgðaraðilar, viðmið um árangur sett fram og fram kemur hvernig og hvenær endurmeta á árangurinn.</p>	<p>Áfram verður unnið með tækifæri til umbóta úr nákvæmri umbótaáætlun þar sem aðgerðir eru tilgreindar og tímasettar svo og ábyrgðaraðilar,</p> <p>viðmið um árangur sett fram og fram kemur hvernig og hvenær á að endurmeta árangurinn.</p>	Skólastjórnendur/mats teymi	Febrúar 2018	maí 2018	Yfirfarið árlega fyrir upphaf hvers skólaár.

Akureyri 11. janúar 2018
 Björg Sigurvinsdóttir, leikskólastjóri
 Helga María Þórarinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri